



## Faghópur I

### Fundargerð 25. fundar

Orkustofnun, 17. desember 2009, kl. 10:00-14:00

**Mætt:** Þóra Ellen Þórhallsdóttir, Auður Sveinsdóttir, Gísli Már Gíslason (frá kl. 12:00), Haukur Jóhannesson, Hilmar J. Malmquist, Kristinn Haukur Skarphéðinsson, Magnús Ólafsson, Ólafur Arnalds, Ragnheiður Traustadóttir, Snorri Baldursson, Sólborg Una Pálsdóttir og Tómas Þór Tómasson sem ritaði fundargerð.

**Forföll:** Freysteinn Sigmundsson.

**Gestur:** Páll Jensson.

#### Fundarfrásögn

1. **Fundargerð** frá 10. des. var samþykkt þar sem ekki höfðu komið fram athugasemdir við útsend drög.
2. **Kynning á AHP-aðferðafræðinni.** Páll Jensson, prófessor, heimsótti fundinn og kynnti AHP-aðferðafræðina sem faghópur 1 munu nýta til að forgangsraða verðmætum svæða og virkjunarkostum. (Afrit af kynningu hans og minnisblað liggja á vinnusvæði hópsins á heimasíðu.)
3. **Kynning á fiskum og smádýrum á jarðhitasvæðum.** Kynning Hilmars og fyrstu tillögur að einkunnagjöfum.
4. **Örverur á háhitasvæðum.** Þóra Ellen kynnti stuttlega stöðu rannsóknar Matís á örverum á háhitasvæðum en lokaskýrsla mun ekki liggja fyrir fyrir en á næsta ári. Rannsóknir Matís ná til allflestra háhitasvæða sem eru undir mati en þó vantar gögn fyrir örfá svæði (sem að öllum líkindum eru ekki auðug af örverum). Matís telur Torfajökul og Vonarskarð verðmætustu svæði í þessu tilliti. Rannsóknir Matís á örverum eru fyrst og fremst erfðafræðilegs eðlis en ekki er litið til umhverfispáttá sem geta skýrt fjölbreytileika og mögulega gert kleift að yfirfæra á önnur svipuð svæði.
5. **Vægi einstakra flokka lífvera.** Rætt var um heppilega nálgun á vægi einstakra undirflokka lífvera sem saman mynda eina einkunn viðfangsins „lífverur“. Í framhaldi af umræðum um aðferðir varð niðurstaðan að skipta öllum lífverum í tvo flokka:
  - a. Lífverur á þurrlendi (*terrestrial*)
    - i. Plöntur: 0,25
    - ii. Fuglar (0,25)Samtals: 50%
  - b. Lífverur í vatni (*aquatic*)
    - i. Fiskar: 0,20
    - ii. Smádýr: 0,10
    - iii. Örverur: 0,20Samtals: 50%
6. **Fundi slitið** kl. 14:00 og **næsti fundur** verður haldinn í fyrramálið (18. des.) kl. 8:00-10:30.